

Fundargerð 105. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: þriðjudagurinn 10. mars 2026 klukkan 16:30 á Teams:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Kristinn Jónasson, Helga Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Kristian Sveinbjörn áheyrnarfulltrúi nemenda, Hinrik Konráðsson áheyrnarfulltrúi foreldra, Hermann Hermannsson mannauðsstjóri FSN, Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri FSN sem ritaði fundargerð.

Gerður Björk Sveinsdóttir og Thelma Harðardóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar, nr. 104 lögð fram. Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Niðurstaða náms á haustönn 2025

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir fór yfir niðurstöður náms á haustönn við FSN 2025. FSN náði að framleiða 140 ársnemendur.

3. Innritun


Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari fór yfir tölulegar upplýsingar varðandi innritun 2025-2026. Á haustönn 2025 voru 233 nemendur í FSN, á vorönn 2026 eru 270 nemendur í FSN. FSN er öflugur fjarnámsskóli með 200 fjarnámsnemendur á vorönn 2026.

Innritaðir nemendur 2025-2026

Staða nema	Haust 2025	Vor 2026
Í námi	82	69
Fjarnámsnemi	151	200
Skiptinemi	0	1
	233	270

4. Upphaf vorannar 2026

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari fór yfir nokkur atriði varðandi upphaf vorannar 2026.



Upphaf vorannar 2026

- ▶ Fyrsti kennsludagur 5.janúar
- ▶ Framhaldsskólahermir 10.febrúar
- ▶ Styrktarbingó fyrir Lilju Dögg
- ▶ Skíðaferð
- ▶ Þemadagar
- ▶ Árshátíð

Það hefur verið felldur niður einn dagur í skólaakstri vegna veðurs það sem af er ári og fór þá kennsla fram á Teams.

5. Námsframboð


Námsframboð og áfangar í boði á haustönn 2026 eru komnir á heimasíðu skólans.

6. Rekstrarniðurstöður fyrra árs.

Fjármálastjóri óskaði eftir því að fá að flytja þennan lið til næsta fundar. Það er ekki alveg ljóst hvernig árið 2025 kemur út. Það er beðið eftir uppgjöri vegna starfsbrautar við FSN á haustönn 2025. Það er þó ljóst að afkoma ársins 2025 verður jákvæð.

7. Önnur mál.

- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari fór yfir starfsmannamál. Una Ýr kvaddi FSN, að eigin ósk um áramótin. Una Ýr hefur starfað við FSN frá stofnun skólans og verður mikill missir af henni. Jakob Bragi er í veikindaleyfi á vorönn 2026 og verður 70 ára í haust. Hann mun láta af störfum við þau tímamót. Ekki hefur tekist að ráða deildarstjóra í framhaldsdeild og hefur skólameistari sagt upp húsaleigunni og samningnum. Nemendum framhaldsdeildar býðst að halda áfram námi sínu í Skýinu í gegnum Teams. Auglýsing um starf aðstoðar-skólameistara við FSN er í vinnslu. Skólameistari ætlar að leita til ráðningarstofu til þess að sjá um þessa vinnu og ráðningu. Á þessari stundu er líklegra að 50% staða verði auglýst frekar en 75%.



Skólameistari upplýsti að FSN hefur fengið tengilið í Mennta- og barnamálaráðuneyti að nýju. Hlutverk tengiliðar er að fara með mál stofnunarinnar innan ráðuneytis. Tengiliður FSN er Sigurveig Gunnarsdóttir og mun hún heimsækja FSN þann 18. mars 2026.

- Kristian Sveinbjörn, formaður nemendafélags fór yfir félagslíf nemenda. Árshátíð NFSN verður 11. mars í FSN og verður ekki árshátíðarball. Árshátíðarball er dýrt og hefur ekki verið nógu vel sótt meðal nemenda. NFSN ætlar að gera meira úr árshátíðinni sjálfri. NFSN hélt styrktar bingó fyrir Lilju Dögg, nemanda við FSN sem er að berjast við bráðahvítblæði. Bingóið gekk fram úr vonum. Það var mikið fjör í framhaldsskólahermin. Næst á döfinni er þemavika, þar sem verður spiluð félagsvist og fleiri góð spil. Þemaviku lýkur svo með árshátíð á fimmtudaginn.
- Hrafnhildur sagða að FSN er að reyna að styðja betur við affreyningu í FSN meðan á skólatíma stendur. Til stendur að kaupa pool borð, bolta í fótboltaspil og fleiri pílur.
- Birta Antonsdóttir kennari við FSN sagði frá sjálfboðaáfangi sem er í gangi á vorönn 2026. Þessi áfangi er unnin í samstarfi við Íþróttafélögin á svæðinu og verið er að þróa svipaðan áfanga með björgunarsveitunum með áherslu á skyndihjálpi. Björg benti á BA ritgerð um hlutverk íslenskra framhaldsskóla í sjálfboðaliðamenningu ungmenna eftir Mörtu Magnúsdóttur.
- Björg Ágústsdóttir formaður spurði hvort einhverjar nýjar upplýsingar varðandi skólaskrifstofur fyrir framhaldsskólanna hefðu komið fram. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari sem situr í stjórn SMÍ, skólameistarafélagi Íslands sagði að fundir milli stjórnar SMÍ og fulltrúa ráðuneytis hefðu átt sér stað en ekki liggur fyrir ákvörðun um skólaskrifstofur.
- Starfsþróunardagur var 27. febrúar 2026 hjá öllum framhaldsskólum á landinu. Þetta er í þriðja skipti sem þessi dagur er haldinn. Það er einnig fyrirhugaður starfsþróunardagur á Akranesi í maí með FVA og MB.
- Síðasti kennsludagur á vorönn 2026 er miðvikudagurinn 13. maí og útskrift verður 22. maí.

Næsti fundur verður mánudaginn 13. apríl 2026 klukkan 16:30 á Teams. Skólanefnd FSN stefnir að því að finna fundartíma og hittast í FSN í maí.

Fundi slitið kl. 17:23.